



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2025  
VEL24110063  
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 16.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

**VEL - Samþykkt velferðarráðs um breytingar á reglum um notendastýrða aðstoð (NPA) - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf velferðsviðs, dags. 9. desember 2024, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 6. desember 2024, varðandi tillögu um breytingar á reglum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), ásamt fylgiskjólum.

Samþykkt með þeirri breytingu að gildistaka miðast við 1. janúar 2025.  
Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Heiða Björg Hilmisdóttir og Rannveig Einarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á grundvelli þess að innleiðingartímabilið samkvæmt bráðabirgðarákvæði I í lögum nr. 38/2018 er nú lokið. Miðað er við að fjöldi nýrra samninga miði við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Mikilvægt er að framlengja gildistíma reglnanna þannig að ekki verði rof í þjónustu og áfram er stefnan að mæta þörf fyrir fjölgun NPA samninga. Hins vegar er reglugerð frá félagsmálaráðuneyti ekki komin og enn er ósamið um framtíðarfjármögnun málaflokksins. Um leið og þau mál skýrast þarf að taka upp reglur um NPA að nýju.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á grundvelli þess að innleiðingartímabilið samkvæmt bráðabirgðarákvæði I í lögum nr. 38/2018 er nú lokið. Miðað er við að fjöldi nýrra samninga miði við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Velferðarráð telur mikilvægt að framlengja gildistíma reglnanna þannig að ekki verði rof í þjónustu og leggur áherslu að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar endurspegli þörfina á fjölgun NPA samninga. Hins vegar er reglugerð frá félagsmálaráðuneyti ekki komin og enn er ósamið um framtíðarfjármögnun málaflokksins. Um leið og þau mál skýrast þarf að taka upp reglur um NPA að nýju.



Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Sósíalistar telja mikilvægt að framlengja gildistíma reglnanna þannig að ekki verði rof í þjónustu en geta alls ekki tekið undir að árlegur fjöldi nýrra samninga um notendastýrða persónulega aðstoð miðist við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Fjárhagsáætlun hefur hingað til ekki gert ráð fyrir því að allir samningar verði fjármagnaðir. Hér er um að ræða þjónustu sem fólk á rétt á. Það er ekki góður bragur á að skorast undan og bera fyrir sig kostnað þegar kemur að lagalegum rétti fólks, á sama tíma og reikningar borgarinnar sem íbúar hafa ekki haft ráð á að greiða eru sendir til innheimtu hjá innheimtufyrirtækjum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á grundvelli þess að innleiðingartímabilið samkvæmt bráðabirgðarákvæði I í lögum nr. 38/2018 er nú lokið og hefur verið samþykkt af velferðarráði. Mikilvægt er að ekki verði rof í þjónustu. Framundan eru örugglega fleiri breytingar á þessum reglum eftir því hvernig fram vindur. Ekki er hægt að taka undir það að árlegur fjöldi nýrra samninga um notendastýrða persónulega aðstoð miðist við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Fjárhagsáætlun hefur hingað til ekki gert ráð fyrir því að allir samningar verði fjármagnaðir. Hér er um að ræða þjónustu sem fólk á rétt á.

Áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Tryggja þarf að fólk sem hefur verið samþykkt fyrir NPA aðstoð fái hana og að fjárhagsáætlun geri ráð fyrir því. Nú eru breytingar á reglunum sem kveða á um að NPA samningar borgarinnar miðist við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Nú þegar eru um 40 manns á biðlista í Reykjavík eftir NPA aðstoð sem eiga rétt á henni. Reykjavíkurborg ber skylda samkvæmt lögum til að veita þjónustuna. Þessar breytingar á reglunum, með því að miða úthlutun við fjárhagsáætlun hvers árs, kann að leiða af sér að færri fái mat um NPA þjónustu því ekki verði gert ráð fyrir fullfjármögnun þjónustunnar við vinnslu fjárhagsáætlunar. Það er ekki breyting til batnaðar í þessari mikilvægu þjónustu við fatlað fólk.

Helga Björk Laxdal  
e.u.